

L Ö G

67

5. júní

um eignakönnun.

HANDIAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Um útgáfu ríkisskuldabréfa.

1. gr.

Ríkissjóður gefur út ríkisskuldabréf, sem hljóða á handhafa. Heildarfjárhæð bréfanna skal ákveðin með forsetaúrskurði. Bréfin skulu tölusett, og kveður fjármálaráðherra á um tölu þeirra og fjárhæð. Nafn hans skal standa undir texta bréfanna.

2. gr.

Vextir af bréfunum skulu vera 1% — einn af hundraði — á ári. Fjármálaráðherra ákveður og auglýsir, hvar og hvenær greiddir verði vextir, sem fallnir eru í gjalddaga.

3. gr.

Skuldabréfin greiðast upp á 25 árum. Skal $\frac{1}{25}$ hluti bréfanna dreginn út og greiddur á ári hverju, í fyrsta sinn 1. ágúst 1948, og síðan sama dag árlega, unz útdrætti og greiðslu allra bréfanna er lokið. Notarius publicus í Reykjavík annast útdráttinn.

4. gr.

Skuldabréfin skulu vera til sölu almenningi frá 1. júlí til 15. ágúst 1947. Landsbanki Íslands annast söluna. Bréfin skulu fást keypt á þeim stöðum og hjá þeim aðilum, sem bankinn ákveður í samráði við fjármálaráðherra.

5. gr.

Bréfin seljast við nafnverði gegn greiðslu í peningum, opinberum verðbréfum og skuldabréfum með veði í fasteign, sem gild eru metin af Landsbanka Íslands.

Opinber verðbréf, sem ekki bera lægri vexti en 4 af hundraði, skulu keypt við nafnverði. Ef bréfin bera lægri vexti, skal Landsbanki Íslands meta þau til verðs eftir vaxtahæð og greiðslutíma.

Veðskuldabréf skulu keypt við nafnverði, ef þau bera 5% vexti eða meira, enda séu þau þinglesin fyrir 1. júlí 1946 og tryggingin metin gild af Landsbanka Íslands. Ef bréfin bera lægri vexti, metur bankinn þau til verðs eftir vaxtahæð og lánstíma.

6. gr.

Ríkisskuldabréf þau, er gefin verða út samkvæmt 1. gr. laga þessara, skulu eigi talin með skattskyldum eignum skattþegns í hinu sérstaka framtali, sem í II. kafla laganna greinir. Þau skulu og ásamt vöxtum vera skattfrjáls til 31. des. 1952, en þá skal eigandi þeirra sýna þau skattyfirvöldum til skrásetningar, ef hann vill halda vöxtum af bréfunum, enda verða þau skattskyld frá þeim tíma. Ef eigandi sýnir ekki bréfin til skrásetningar á tilskildum fresti, verða vextir ekki greiddir, en þá haldast skatthlunnindin, sem að framan greinir.

- 67 Verði lagður á sérstakur eignarskattur í eitt skipti, má, þrátt fyrir framanskráð
5. júní ákvæði, skattleggja bréfin í samræmi við aðrar eignir, enda sé þá eiganda þeirra heim-
ilt að greiða skattinn með hlutfallslegum afslætti af nafnverði bréfanna.

7. gr.

Þegar innlausnar er krafizt á útdregnu bréfi, skal sá, er við greiðslu tekur, greina skriflega frá nafni sínu og heimilisfangi svo og því, hver verið hafi eigandi bréfsins, þegar það var dregið út. Stofnun sú, er greiðslu innir af hendi, tilkynnir viðkomandi skattyfirvöldum um greiðslu bréfsins og nafn og heimilisfang eiganda þess.

Þegar bréf hefur verið dregið út og greitt, skal sá, er bréfið átti, telja fram í næsta framtali sínu til eignarskatts fé það, er fyrir bréfið kom, svo og þá vexti af því, sem safnazt kunna að hafa fyrir, enda telst þá það fé með skattskyldum eignum hans.

8. gr.

Ef skattþegn telur, að hann hafi eftir 1. ágúst 1947 varið fé til kaupa á skulda-
bréfum, sem í þessum kafla getur, skal honum skylt að greina frá því í framtali sínu, hver verið hafi hinn fyrri eigandi bréfanna. Ef það fæst ekki upplýst, skal fé það, er skattþegninn kveðst hafa goldið fyrir bréfin, talið til skattskyldra eigna hans.

Nú kemur fram eignarauki hjá skattþegni eftir 1. ágúst 1947, sem hann telur stafa af sölu ofangreindra ríkisskuldabréfa, og skal hann þá skýra skattyfirvöldum frá, hver sé kaupandi og hvert söluverð hafi verið. Ef þessi atriði fást ekki upplýst, skal skýrsla hans um söluna eigi tekin til greina, þegar honum er ákveðinn skattur.

II. KAFLI

Um sérstakt framtal eigna og tekna.

9. gr.

Sérstakt framtal eigna og tekna skal fara fram, miðað við þann dag á tímabilinu frá 1. september til 31. desember 1947, er fjármálaráðherra ákveður. Nefnist sá dagur í lögum þessum framtalsdagur. Framtölum ber að skila til viðkomandi skattyfirvalda innan mánaðar frá framtalsdegi. Framtalsnefnd (sbr. 45. gr.) getur þó veitt framteljanda lengri frest, ef sérstaklega stendur á.

10. gr.

Telja skal fram eignir, eins og þær voru á framtalsdegi, samkvæmt því, sem nánar segir í lögum þessum.

11. gr.

Telja skal fram tekjur frá og með 1. janúar 1947 til framtalsdags. Fjármálaráðherra setur í samráði við framtalsnefnd nánari fyrirmæli um tilhögun teknaframtals.

12. gr.

Framtalsskyldir eru allir þeir aðilar, sem fram eiga að telja til skatts samkvæmt gildandi skattalögum.

Framtalsskyldir eru einnig sjóðir, félög, stofnanir og bú, sem eru undir skiptum, og aðrir ópersónulegir aðilar, sem eignir eiga, enda þótt þeir reki ekki atvinnu eða njóti skattfrelsis að lögum.

Fram skal talið, þó að eign aðila sé ekki svo mikil, að skattskyldu nemi.

Eign barns innan 16 ára aldurs, sem ekki hefur verið sjálfstæður framteljandi, telst með eignum foreldra, nema sannað sé, að barnið hafi verið orðið eigandi fjárlins fyrir 1. sept. 1946.

13. gr.

Undanþegnir framtali eru forseti Íslands, ríkissjóður, ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir og aðrir þeir sjóðir, sem standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, sveitarfélög og bæjarfélög og fyrirtæki, er þau reka, og sjóðir þeirra, islenskir kirkjusjóðir svo og bankar og sparisjóðir, sem engan arð greiða stofnendum sínum eða ábyrgðarmönnum. Fjármálaráðherra getur þó lagt fyrir framangreinda aðila, að forseta Íslands undanskildum, að gefa sundurliðaðar skýrslur um eignir sínar og skuldir innan þess tíma, sem hann ákveður. — Aðilar þeir, sem í 5. gr. laga nr. 6/1935 greinir, eru undanþegnir framtalsskyldu að sama skapi og þeir eru undan skattskyldu þegnir hér á landi.

67

5. júní

14. gr.

Um framtal eigna samkvæmt lögum þessum gilda ákvæði 17.—20. gr. laga nr. 6/1935, að því leyti sem ekki eru settar sérreglur í þessum lögum.

Ef aðili hefur eftir 1. jan. 1947 gefið eða greitt fyrirfram upp í arf fjárhæð, sem meiru nemur en 1000 kr. til sama viðtakanda, þá skal sú fjárhæð talin með eignum gefanda eða arfgreiðanda.

15. gr.

Fjármálaráðherra setur eftir tillögum framtalsnefndar nánari reglur um framtölin, þar á meðal um sérgreiningu og sundurliðun eigna og skulda á framtali og aðrar upplýsingar, sem framteljanda ber að gefa um eignirnar og hvenær og hvernig þeirra hefur verið aflað. Meðal annars skal krefjast skýrslna um:

- a. Hve miklu fé framteljandi hafi á tímabilinu frá 1. jan. 1947 til framtalsdags varið til kaupa á lífeyri eða líftryggingu vegna sjálfs sín eða annarra, eða iðgjaldsgreiðslu í sama skyni, ef slíkar greiðslur hafa numið meiru en 500 krónum auk lögboðins lífeyrissjóðsgjalds eða greiðslu til venjulegs starfsmannsjóðs.
- b. Hvort framteljandi hafi á nefndu tímabili látið fé af hendi rakna til gjafa eða fyrirframgreiðslu upp í arf, enda nemi gjöf eða arfgreiðsla til sama viðtakanda 1000 krónum eða meiru.
- c. Hve miklu fé framteljandi hafi á nefndu tímabili varið til aukningar á innbúi sínu, þar með talin kaup á bókum, listmunum, skartgripum o. s. frv., ef heildar kaupverð muna þessara á tímabilinu hefur numið meiru en 25 000 krónum.
- d. Hvort framteljandi hafi á nefndu tímabili fengið gjöf, arf eða fyrirframgreiðslu upp í arf, happdrættisvinning eða fengið greitt líftryggingarfé eða váttryggingarfé eða skaðabótageiðslu í einhverju formi, enda nemi einstök gjöf eða greiðsla meiru en 3000 krónum.
- e. Hvort framteljandi hafi á nefndu tímabili byggt, keypt eða selt fasteign eða hluta af fasteign. Ef svo er, skal greina kostnaðarverð eða söluverð hversrar slíkrar eignar. Þetta tekur ekki til þeirra, sem aðeins hafa haft milligöngu um kaup eða sölu fasteigna.
- f. Hvort framteljandi hafi á greindu tímabili keypt eða selt skip, bifreið, vélar, hvers konar verðbréf eða verðmæt réttindi. Skal þá gerð grein fyrir kostnaðarverði eða söluverði, eftir því sem framtalsnefnd ákveður.
- g. Hvort framteljandi eigi fé erlendis og í erlendri mynt hjá lánsstofnunum eða öðrum.
- h. Krefja má framteljanda skýrslu um, hvort hann hafi á nefndu tímabili gengið í hjónaband, slitið hjúskap, misst maka sinn o. s. frv.

Heimilt skal að krefja framteljanda skýrslna um atriði þau, er í staflíðum a—h greinir, fyrir fleiri undanfarin ár en að framan segir, ef ástæða þykir til.

67

5. júní

Framteljandi skal sjálfur undirrita framtal sitt, sé hann fær um það. Foreldri eða framfærslumenn undirrita framtöl ólögráða barna. Lögráðamaður undirritar framtal skjólstæðings síns. Framtöl ópersónulegra aðila, félaga, stofnana, sjóða o. s. frv. skulu undirrituð af þeim stjórnarmönnum viðkomandi aðila, sem lögum samkvæmt geta skuldbundið hann.

16. gr.

Nú kemur fram meiri eign á hinu sérstaka framtali, eða við rannsókn á því, en samrýmt getur fyrri framtölum viðkomandi skattþegns, og skal þá um það fara sem hér segir:

Af eign allt að 25000 krónum, sem sannanlega hefur verið til orðin fyrir 1. jan. 1940, og þá og síðan hefur verið undan framtali dregin, skal ekkert gjald greiða. Af því, sem umfram kann að vera, greiðist skattur samkvæmt gildandi skattalögum, án skattsektar.

Af eign, sem til hefur orðið eftir 1. jan. 1940 og dregin hefur verið undan framtali, skal ekkert gjald greiða af fyrstu 15000 krónum, af 15000—25000 kr. greiðist 5%, af 25000—35000 kr. greiðist 10% og af 35000—45000 kr. greiðist 15%. Af því, sem umfram kann að vera, greiðist skattur samkvæmt gildandi lögum, án skattsektar.

Ofangreind ákvæði skulu ekki vera því til fyrirstöðu, að skattþegn geti, ef hann kys það heldur, talið fram til skattyfirvalda, áður mánuður er liðinn frá framtalsdegi, undandregnar eignir og greitt vangoldinn skatt vegna undandráttares, samkvæmt gildandi skattalögum, án skattsektar. Skattþegn, sem þannig telur fram, skal njóta hagræðis þess, sem getur í 2. og 3. málsgrein þessarar greinar.

18. gr.

Nú skýrir maður af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi rangt frá eignum sínum á hinu sérstaka framtali samkvæmt þessum kafla, og skal þá eign sú, sem hann þannig dregur undan, falla óskipt til ríkissjóðs.

19. gr.

Hver sá, sem af ásetningi gefur rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar um eignir sínar á hinu sérstaka framtali, svo og hver sá, sem af ásetningi lætur undan fallast að telja fram á réttum tíma, skal sæta sektum allt að 200000 krónum. Sömu refsingu skal sá sæta, sem gerist sekur um hlutdeild í slíku broti.

20. gr.

Fjármálaráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd framtals eftir lögum þessum.

III. KAFLI

Um innköllun peningaseðla Landsbanka Íslands.

21. gr.

Landsbanka Íslands ber að kalla inn alla peningaseðla sína, sem í umferð eru á framtalsdegi. Hætta þeir frá upphafi þess dags að vera löglegur gjaldmiðill í greiðslu til opinberra sjóða og manna á milli, sbr. þó 3. og 4. mgr. hér á eftir.

Landsbankinn gefur út nýja tegund seðla, og skulu þeir látnir í skiptum fyrir þá, sem innkallaðir eru.

Innkallaðir seðlar halda gildi sínu gagnvart Landsbanka Íslands framtalsdag og næstu níu daga þar á eftir. Þann tíma er unnt að afhenda seðla til innlausnar í bankanum sjálfum og þeim stofnunum, sem bankinn veitir rétt til seðlainnlausnar í umboði sínu. Sá, sem síðar fær í hendur seðla í peningabréfi, sem sett

hefur verið í póst fyrir framtalsdag, getur þó innan mánaðar frá framtalsdegi 67 fengið þá innleysta, sé peningabréfsumslagið jafnframt afhent. Svo skulu og skipverjar og farþegar á íslenzku skipi, sem ekki hefur verið stutt á innlausnarstað á framtalsdegi eða næstu níu daga þar á eftir, eiga þess kost að fá seðla sína innleysta á fyrsta innlausnarstað, sem skipið kemur til eftir þann tíma, enda votti skipstjóri skriflega um fjarveru skipsins og að maður sá, sem innlausnar æskir, hafi með því fylgt.

Frá upphafi framtalsdags er afhending, viðtaka og sérhver önnur ráðstöfun á innkölluðum peningaseðlum óheimil, að undantekinni afhendingu til innlausnar. Framtalsdag og tvo næstu daga þar á eftir er þó heimilt að nota 5 kr. og 10 kr. seðla til greiðslu farmiða og flutningsgjalds, kaupa á meðulum í lyfjabúðum, nauðsynlegri matvöru í smásöluverzlunum og þess háttar. Viðtaka seðla þessa daga veitir þó ekki viðtakanda heimild til að skipta seðlum oftár en eitt sinn, sbr. 22. gr.

Um auglýsingu innköllunarinnar fer eftir nánari ákvörðun Landsbanka Íslands.

22. gr.

Ekki má sami aðili fá seðla innleysta oftár en eitt skipti. Ákvæði þetta tekur þó ekki til manna, sem fengið hafa í hendur peningabréf, samkvæmt því sem segir í 3. mgr. 21. gr.

23. gr.

Hver sá, er afhendir innlausnarstofnun seðla til innlausnar, sbr. 3. mgr. 21. gr., skal sýna stofnuninni vegabréf sitt eða nafnskirteini. Þeir, sem ekki eiga vegabréf, skulu eiga þess kost að fá nafnskirteini útgefin af lögreglustjóra eða hreppstjóra, og skal eigandi skirteinis rita nafn sitt á það með eigin hendi. Innlausnarstofnun skal, um leið og innlausn fer fram, stimpla á vegabréfið eða nafnskirteinið, að eigandi þess hafi neytt innlausnarréttar.

Þá skal og sá, sem seðla afhendir til innlausnar, undirrita innlausnarbeiðni. Skal þar greind upphæð hinnar afhentu seðlafúlgu, fullt nafn afhendanda ásamt fæðingardegi og fæðingarári svo og heimilisfang hans. Hann skal einnig greina heimilisfang sitt við síðasta skattframtal, ef annað hefur verið. Giftar konur, sem sjálfar afhenda seðla til innlausnar, skulu auk nafns síns greina nafn og heimilisfang eiginmanns síns.

Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem innlausn fer fram, skulu einstaklingar, 16 ára og eldri, afhenda sjálfir seðla sína til innlausnar, séu þeir um það færir. Ef eigandi seðla á heima utan nefndra staða, eða sé hann ekki fær um að afhenda seðla sjálfur, má hann fela öðrum manni að innleysa seðlana fyrir sína hönd, enda afhendi hann honum nafnskirteini sitt til sýnis og stimplunar í innlausnarstofnun. Þeir, sem æskja innlausnar seðla fyrir börn innan 16 ára aldurs, skulu, auk þess að gera grein fyrir sjálfum sér, eins og áður segir, skýra frá fullu nafni og heimilisfangi eiganda seðlanna, svo og fullu nafni og heimilisfangi föður barnsins eða framfærslumanns.

Innlausnarbeiðni ópersónulegra aðila, félaga, stofnana, sjóða o. s. frv., skal undirrituð af þeim stjórnarmönnum viðkomandi aðila, sem lögum samkvæmt geta skuldbundið hann.

24. gr.

Stofnanir þær, sem annast innlausn og viðtöku seðla, senda Landsbankanum allar mótteknar innlausnarbeiðnir, ásamt hinum innkölluðu seðlum. Landsbankinn afhendir skattfyrirvöldum innlausnarbeiðnirnar samkvæmt nánari ákvörðun framtalsnefndar.

25. gr.

Nú koma innkallaðir seðlar fram, eftir að innlausnarfresturinn er liðinn, eða eftir að eigandi hefur notað rétt sinn til seðlainnlausnar, og skal þá Landsbanki Ís-

- 67** lands eða önnur innlausnarstofnun taka við seðlunum, ef þess er óskað, enda fylgi 5. júní þeim greinargerð um ástæður fyrir drættinum. Fjármálaráðherra setur, í samráði við stjórn Landsbankans, reglur um, að hve miklu leyti bankanum skuli heimilt að láta endurgjald fyrir slíka seðla.

26. gr.

Á þeim tíma, sem fjármálaráðherra ákveður í samráði við stjórn Landsbanka Íslands, skal skýrsla um það gerð, hversu mikið af innkölluðum peningaseðlum hefur komið fram til innlausnar.

Af hagnaði þeim, sem innköllunin hefur í för með sér, skal fjárhæð, sem svarar til 2% af seðlafjárhæð þeirri, sem í umferð var á framtalsdegi, falla til Landsbanka Íslands. Það, sem fram yfir kann að verða, rennur í ríkissjóð.

27. gr.

Falli einhverjar greiðslur í gjalddaga á framtalsdegi eða næstu tvo daga þar á eftir, færast gjalddagi þeirra fram um 3 daga.

28. gr.

Tékka, sem út eru gefnir fyrir framtalsdag, skal, þrátt fyrir ákvæði 29. gr. laga nr. 94/1933, sýna til greiðslu í síðasta lagi innan mánaðar frá framtalsdegi. Innan sama tíma skal greiðslu vitjað samkvæmt ávísunum, sem greiðast eiga af opinberum sjóðum og út eru gefnar fyrir framtalsdag. Greiðslu samkvæmt pósthúsi, sem gefin hefur verið út fyrir framtalsdag, eða samkvæmt póströfu, sem innleyst hefur verið fyrir sama tíma, skal vitjað á viðkomandi pósthúsi í síðasta lagi innan mánaðar frá framtalsdegi.

Sá, sem við greiðslu tekur samkvæmt 1. mgr., skal sýna greiðslustofnuninni vegabréf sítt eða nafnskirteini og afhenda henni skriflega viðurkenningu fyrir greiðslunni, er greini móttekna fjárhæð, fullt nafn, fæðingarár og fæðingardag viðtakanda, svo og heimilisfang hans. Viðtökuskýrslur þessar sendir viðkomandi greiðslustofnun til framtalsnefndar.

Nú er krafizt greiðslu á tékka, annarri ávísun eða innleystri póströfu samkvæmt 1. mgr., eftir að þar greindur frestur er liðinn, og skal þá greiðslustofnun óheimilt að inna greiðslu af hendi, nema samþykki framtalsnefndar komi til.

Sýning á tékkum þeim, er í 1. mgr. getur, til greiðslu, eftir að mánuður er liðinn frá framtalsdegi, hefur ekki í för með sér brottfall á framkröfurétti tékkhafa, enda sé tékki sýndur til greiðslu, áður en frestur samkvæmt 29. gr. laga nr. 94/1933 sé liðinn.

29. gr.

Öllum hönkum, bankaútibúum og sparisjóðum er skylt að taka að sér innlausn innkallaðra peningaseðla í umboði Landsbanka Íslands.

Stjórn Landsbanka Íslands getur, eftir að hafa ráðfært sig við fjármálaráðherra og framtalsnefnd, sett nánari reglur um framkvæmd innköllunarinnar.

30. gr.

Hver sá, sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi greinir rangt eða villandi frá einhverju, sem honum ber að gefa upplýsingar um í sambandi við innlausn peningaseðla, svo og hver sá, sem brýtur gegn fyrirmælum 4. mgr. 21. gr. eða 22. gr., skal sæta sektum, allt að 200000 kr., enda varði brotið ekki þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum. Tilraun til brota og hlutdeild í þeim er refsiverð á sama hátt.

IV. KAFLI

Um nafnskráningu á innstæðum í lánsstofnunum.

67

5. júní

31. gr.

Hver sá, sem á framtalsdegi á innstæðu á einum eða fleiri reikningum í banka, sparisjóði eða annarri lánsstofnun, þar með taldar innlánsdeildir samvinnufélaga, skal afhenda hlutaðeigandi lánsstofnun yfirlýsingu til staðfestingar á eignarheimild sinni á innstæðunni og sýna samtímis vegabréf eða nafnskirteini sitt. Þetta tekur þó ekki til inneigna lánsstofnana hvernar hjá annarri.

Ef innstæðueigandi er heimilisfastur utan þess kaupstaðar eða hrepps, þar sem viðkomandi lánsstofnun er, getur hann afhent innstæðuyfirlýsingu til formanns skattanefndar eða skattstjóra, þar sem hann á heimili, en þeir senda hlutaðeigandi lánsstofnun yfirlýsingarnar.

Í innstæðuyfirlýsingu skal greina heiti lánsstofnunar, númer innstæðureiknings eða sparisjóðsbókar eða þau merki, sem hún er einkennnd með, fullt nafn innstæðueiganda, stöðu hans og heimilisfang. Ef innstæðueigandi er gift kona, skal greina nafn og heimili eiginmanns hennar, og sé eigandi barn innan 16 ára aldurs, skal greint nafn og heimili föður eða framfærslumanns. Ef fleiri en einn eru eigendur innstæðu, skal greina nafn, stöðu og heimilisfang hvors eða hvers eiganda um sig og skýra frá, hvernig eignarhlutföll eru þeirra á milli. Ef sami aðili á fleiri en einn innstæðureikning í sömu lánsstofnun, skal greina sérstaklega hverja innstæðu um sig.

Framtalsnefnd lætur gera eyðublöð undir innstæðuyfirlýsingar, og skulu þau liggja frammi í öllum lánsstofnunum svo og hjá skattstjórum og formönnum skattanefnda. Undirskriftum innstæðuyfirlýsinga skal hagað með sama hætti sem undirskriftum framtala, sbr. 16. gr. Séu fleiri en einn eigendur að innstæðu, er nægilegt, að einn sameigendanna undirriti yfirlýsinguna.

Ef ekki er kunnugt um eiganda einhvernar innstæðu, hvílir yfirlýsingarskyldan á þeim, er hefur viðtökuskirteinið í vörzlum sínum.

Yfirlýsingar um innstæðu skulu afhentar hlutaðeigandi lánsstofnunum eða skatt-yfirvöldum innan tveggja mánaða frá framtalsdegi. Einstaklingar og félög, sem heimilisfang eiga erlendis, skulu hafa frest til að skila innstæðuyfirlýsingum sex mánuði frá framtalsdegi. Framtalsnefnd getur veitt lengri frest, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

32. gr.

Sá, sem tekur við innstæðuyfirlýsingu, gefur kvittun fyrir viðtöku hennar. Þegar yfirlýsingin hefur verið borin saman við reikninga viðkomandi lánsstofnunar og þar hefur farið fram skráning, eftir því sem framtalsnefnd ákveður nánar, skal innstæðueiganda gefin viðurkenning fyrir því, að yfirlýsingarskyldu sé fullnægt, enda hafi yfirlýsing hans reynzt rétt.

Lánsstofnun varðveitir yfirlýsingarnar og geymir á skipulegan hátt, þar til framtalsnefnd tekur frekari ákvörðun um meðferð þeirra.

33. gr.

Frá og með framtalsdegi er sérhverri lánsstofnun óheimilt að greiða fé út af innstæðureikningi, fyrr en hún hefur fengið í hendur innstæðuyfirlýsingu reiknings-eiganda.

Ávisanir, sem út eru gefnar fyrir framtalsdag, er þó heimilt að færa reikningi útgefanda til skuldar, þótt hann hafi ekki enn fullnægt yfirlýsingarskyldu sinni, enda sýni viðtakandi vegabréf sitt eða nafnskirteini.

67
5. júní

34. gr.

Lánsstofnanir gefa framtalsnefnd skýrslu um allar þær innstæður, sem yfirlýsingar hafa ekki borizt um innan tilskilins tíma samkvæmt framansögðu. Í skýrslunni skal greina upphæð hverrar innstæðu, ásamt þeim upplýsingum, sem stofnunin getur í té látið um það, hver eigandi muni vera. Birta skal opinbera innköllun varðandi innstæður þessar og með þeim fyrirvara, er fjármálaráðherra ákveður. Komi eigandi ekki fram, áður en innköllunarfrestur er liðinn, rennur innstæðan óskert í ríkissjóð.

Nú kemur fram innstæðuyfirlýsing, eftir að frestur er liðinn samkvæmt síðustu mgr. 31. gr., en fyrir lok innköllunarfrestsins, og getur þá fjármálaráðherra gert eiganda innstæðunnar að greiða sekt til ríkissjóðs vegna dráttarins, ef ekki þykja nægar afsakanir fyrir hendi. Sekt má nema allt að 25% af innstæðunni, eftir nánari reglum, sem ráðherra setur í samráði við framtalsnefnd.

35. gr.

Hver sá, sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi gefur rangar eða villandi yfirlýsingar um innstæðueign, skal sæta sektum allt að 200000 krónum. Hlutdeild í broti er refsiverð á sama hátt.

V. KAFLI

Um tilkynningu handhafaverðbréfa.

36. gr.

Öll innlend handhafaverðbréf, sem út hafa verið gefin fyrir framtalsdag og þann dag eru í umferð, innanlands eða utan, skal tilkynna til sérstakrar skráningar. Erlend handhafaverðbréf, sem eru eign innlendra aðila á framtalsdegi, er skylt að tilkynna á sama hátt.

Til innlendra handhafabréfa teljast öll skuldabréf eða vaxtabréf, sem gefin eru út til handhafa af ríkissjóði eða ríkisstofnunum, bæjar- eða sveitar- og sýslufélögum, opinberum stofnunum eða fyrirtækjum, bönkum og öðrum lánsstofnunum svo og skuldabréf, sem gefin hafa verið út eða framseld til handhafa af einstaklingum eða félögum, og hlutabréf eða stofnbref í félögum eða fyrirtækjum, sem ekki eru skráð á nafn.

Innlend verðbréf, sem geymd eru hér á landi, skal tilkynna til skattanefndar eða skattstjóra í því skattumdæmi, þar sem eigandi verðbréfanna er heimilisfastur. Heimilt er þó að tilkynna verðbréf til annarrar skattanefndar eða skattstofu, ef hentara þykir, svo sem ef eigandi þeirra dvelst utan lögheimilis síns eða bréfin eru ekki á heimili hans. Stofnanir og fyrirtæki, sem hafa mikla verðbréfaeign undir höndum, geta krafizt þess, að skráning fari fram á geymslustað bréfanna.

Tilkynningarskyld verðbréf í eigu einstaklinga, stofnana eða fyrirtækja, sem heimilisfesti hafa erlendis, svo og erlend verðbréf skal tilkynna beint til framtalsnefndar.

Framtalsnefnd getur falið fleiri aðilum en að framan greinir að veita tilkynningum viðtöku.

37. gr.

Tilkynningarskyldan hvílir á eigendum verðbréfanna. Dveljist eigandi erlendis, hvílir skyldan á umboðsmanni hans hér, enda leggi hann fram umboð til þess. Ef verðbréf er í sameign tveggja aðila eða fleiri, hvílir tilkynningarskyldan á þeim aðilanum, sem bréfin geymir. Annist enginn þeirra geymslu bréfanna, er hverjum þeirra um sig skylt að sjá um, að tilkynning fari fram. Ef ekki er vitað um eiganda, hvílir skyldan á þeim, sem hefur vörzlu bréfanna. Skiptaráðandi tilkynnir verðbréf þröta-

búa og dánarbúa, sem eru undir opinberum skiptum. Tilkynningarskylda hvílir á eiganda, þó að bréfið sé sem handveð eða til tryggingar hjá þriðja manni. Bréf ófjárráða manna tilkynna fjárhaldsmenn eða framfærslumenn. **67** 5. júní

Ef vafi þykir leika á um tilkynningarskyldu, skal um hana fara eftir úrskurði framtalsnefndar.

Tilkynningar um verðbréf skulu undirritaðar af þeim, sem tilkynningarskylda hvílir á, og gilda að öðru leyti um undirskrift sömu reglur sem áður segir um innlausnarskýrslur og innstæðuyfirlýsingar, m. a. um sýningu vegabréfs eða nafnskirteinis.

38. gr.

Í verðbréfatilkynningu skal greina nafn eiganda ásamt stöðu og heimilisfangi svo og aðrar upplýsingar, sem framtalsnefnd ákveður.

Tilkynningum um verðbréf þeirra aðila, sem heimilisfastir eru hér á landi, skal lokið innan mánaðar frá framtalsdegi. Framtalsnefnd getur veitt lengri frest, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Hún ákveður og tilkynningarfrest aðila, sem heimilisfastir eru erlendis.

Komi tilkynningar fram, eftir að frestur er liðinn, en fyrir lok innköllunarfrests, sbr. 40. gr., úrskurðar framtalsnefnd, hversu með skuli fara. Fyrir drátt á tilkynningu getur fjármálaráðherra úrskurðað eiganda sekt, allt að 25% af andvirði bréfanna.

Ekki er eiganda skylt að tilkynna verðbréfaeign sína alla í einu lagi.

39. gr.

Þegar tilkynning er afhent skattanefnd, skattstofu eða framtalsnefnd, skal jafnan leggja fram verðbréf þau, sem þar eru greind, að undanskildum verðbréfum, sem erlendis eru. Sá aðili, sem við tilkynningu tekur, gætir þess, að bréfin séu þar rétt greind, og stimplar síðan hvert verðbréf með þar til gerðu stimpilmerki. Framtalsnefnd ákveður, hvernig haga skuli stimplun eða merkingu verðbréfa, sem út eru gefin af erlendum aðila, og innlendra verðbréfa, sem geymd eru erlendis.

Að stimplun eða merkingu lokinni skal bréfunum skilað aftur í hendur eiganda og vottorð skráð á tilkynninguna um, að viðkomandi bréf hafi verið stimplað eða ákvæðum um merkingu fullnægt.

Framtalsnefnd setur reglur um, hvernig haga skuli tilkynningu og stimplun verðbréfa, sem eru í vörzlum sjóða eða stofnana til geymslu, innheimtu eða tryggingar, eða í vörzlum aðila, sem falin hefur verið sala þeirra.

40. gr.

Þeir aðilar, sem veita verðbréfatilkynningum viðtöku og annast stimplun þeirra eða merkingu, skulu gera skrár um öll þau verðbréf, sem þeim hafa horizt tilkynningar um, og í því formi, sem framtalsnefnd ákveður. Framtalsnefnd skal fá skrárnar í hendur innan þess tíma, sem hún tiltekur.

Framtalsnefnd lætur fara fram rannsókn á því með aðstoð skattyfirvalda og þeirra aðila, sem eru útgefendur tilkynningarskyldra verðbréfa, hvort tilkynnt hafi verið öll þau verðbréf, sem í umferð eru af hverjum flokki og hverri tegund verðbréfa.

Eftir að tilkynningarfrestur er liðinn, skal birta opinbera innköllun til eigenda verðbréfa, sem ekki hafa verið tilkynnt. Innköllunarfrest ákveður framtalsnefnd. Ef eigandi bréfs kemur ekki fram samkvæmt innkölluninni innan loka innköllunarfrests, fellur verðbréfið ásamt vöxtum og arði, eða andvirði þess, óskert í ríkissjóð. Fjármálaráðherra getur þó í samráði við framtalsnefnd veitt undanþágu frá þessu, ef gild afsökun kemur fram fyrir því, að bréfi var ekki lýst í tæka tíð.

67

5. júní

41. gr.

Hver sá aðili, sem flytur hingað til lands erlend verðbréf, sem ekki bera það ótvírætt með sér, að þau séu gefin út eða sett í umferð eftir framtalsdag, skal tafarlaust gefa framtalsnefnd skýrslu um innflutning bréfsins. Skal þar greina nafn og heimilisfang eiganda og hvenær bréfið hafi komið í hans eigu. Um stimplun og merkingu slíkra bréfa fer eftir venjulegum reglum.

Bannað er að flytja til annarra landa skráningarskyld verðbréf, sem ekki hafa verið tilkynnt. Sama er um vaxtamiða eða arðmiða af slíkum bréfum.

Handhafabréf, sem gefin eru út af innlendum aðilum, er óheimilt að setja í umferð eftir framtalsdag, nema þau beri ótvírætt með sér, að þau séu gefin út eða sett í umferð eftir þann dag.

Óheimilt er að gefa út nýjar arkir arðmiða eða vaxtamiða eða skipta á nýjum örkum í stað eldri, nema viðkomandi verðbréf séu jafnframt sýnd.

42. gr.

Eftir framtalsdag er sala, veðsetning og aðrar ráðstafanir á tilkynningarskyldum verðbréfum óheimil og ógild, unz tilkynningarskyldu hefur verið fullnægt. Tekur það einnig til gjafa, arfgreiðslu, úthlutana við búskipti, nauðungarsölu o. s. frv.

Ef tilkynningarskyld verðbréf ber þess ekki glögg merki með stimplun eða viðfestu tilkynningarmerki, að tilkynningarskyldu hafi verið fullnægt, er útgefanda eða hverjum öðrum aðila óheimilt að innleysa það á einn eða annan hátt, greiða arð af því eða vexti eða fullnægja nokkurri þeirri greiðslu eða kröfu, sem eigandi bréfsins eða handhafi kynni að öðrum kosti að eiga rétt til með afhendingu eða framvisun bréfsins eða vaxtamiða af því.

Ef nokkur sá, sem hefur verðbréf að handveði án þess að vita um hinn raunverulega eiganda, öðlast rétt til að ganga að veðinu áður en tilkynningarskyldu hefur verið fullnægt, getur hann fengið leyfi framtalsnefndar til þess að láta fara fram sölu á bréfunum hjá opinberum uppboðshaldara til fullnægingar kröfunni. Nemi söluandvirði meiru en kröfu veðhafa, ásamt áföllnum kostnaði, skal það, sem umfram er, lagt í sérstakan reikning í banka eða sparisjóði. Þeirri innstæðu er óheimilt að ráðstafa nema að fengnu leyfi framtalsnefndar. Hafi eigandi ekki komið fram innan eins árs frá söludegi og sannað eignarrétt sinn, fellur innstæðan til rikissjóðs.

43. gr.

Öllum opinberum stofnunum og embættismönnum, sem fá í hendur tilkynningarskyld verðbréf, er skylt að ganga úr skugga um, að þau hafi verið tilkynnt og stimplun eða áfestingu tilkynningarmerkja fullnægt. Sé einhver misbrestur á þessu, skulu nefndir aðilar þegar gera framtalsnefnd eða rikisskattanefnd aðvart.

44. gr.

Hver sá, sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi gefur rangar eða villandi tilkynningar um tilkynningarskyld verðbréf eða brýtur gegn ákvæðum 41. eða 42. gr., skal sæta sektum, allt að 200000 krónum. Hlutdeild í broti er refsiverð á sama hátt.

VI. KAFLI

Ákvæði, er varða framkvæmd laga þessara.

45. gr.

Framkvæmd laga þessara skal falin sérstakri nefnd, sem fjármálaráðherra skipar. Nefnist hún framtalsnefnd, og skal skipuð 3 mönnum og 3 til vara. Skattyfirvöldum

ber að aðstoða nefndina samkvæmt ákvæðum laga þessara svo og nánari fyrirætlum nefndarinnar og fjármálaráðherra.

Framtalsnefnd hefur yfirumsjón með hinu sérstaka framtali, sem í lögum þessum greinir, og þeim aðgerðum, sem ákveðnar eru í II.—V. kafla laganna um innköllun bankaseðla, skráningu á innstæðum og verðbréfum og öðrum ráðstöfunum til sannprófunar eignaframtali. Þá stýrir nefndin rannsóknum bæði varðandi hið sérstaka framtal og undandrætt frá skatti á fyrri árum.

Kostnaður af framkvæmd laganna skal greiddur úr rikissjóði.

46. gr.

Framtalsnefnd hefur allan sama rétt sem rikisskattanefnd er veittur samkvæmt skattalögum til þess að krefjast skýrslna af einstökum mönnum, félögum eða stofnunum og til rannsóknar á efnahag framteljenda. Til þess að framkvæma réttarrannsóknir varðandi framtöl eða önnur efni, sem lög þessi taka til, skal, ef þess gerist þörf, skipa sérstaka rannsóknardómara samkvæmt 2. mgr. 30. gr. laga nr. 85/1936.

Í sambandi við framkvæmd laga þessara er hönkum og öðrum lánsstofnunum svo og öllum opinberum aðilum skylt að veita framtalsnefnd og skattayfirvöldum alla þá aðstoð og upplýsingar, sem um er beðið og unnt er að láta í té, og í því formi, sem óskað er.

Framtalsnefnd getur falið sérstökum mönnum eða matsnefndum að framkvæma mat á vissum eignum eða tegundum eigna, svo sem vörubirgðum, byggingum, skipum, vélum, tækjum o. s. frv. til að sannreyna, hversu mikið fé hefur verið í þær lagt. Matsgerð þeirra getur aðili, innan viku frá því að honum varð um hana kunnugt, skotið til yfirmats 3 dómkvaddra manna, og er mat þeirra fullnaðarmat. Skylt er að veita matsmönnum aðstöðu til þess, að mat geti orðið framkvæmt.

Framtalsnefnd hefur heimild til, án dómsúrskurðar, að láta fulltrúa sína rannsaka vörubirgðir einstakra manna og fyrirtækja og bókhald þeirra.

Þeir, sem starfa að framkvæmd laga þessara, eru háðir þagnarskyldu samkvæmt 50. gr. laga nr. 6 frá 1935.

47. gr.

Fjármálaráðherra setur, eftir tillögum framtalsnefndar, nánari reglur um framkvæmd laga þessara. Ákveða má, að brot gegn fyrirætlum reglugerðarinnar varði sömu refsingu sem brot gegn ákvæðum laganna.

48. gr.

Ef nokkur sá, sem skyldur er að gefa skýrslur eða upplýsingar samkvæmt lögum þessum eða reglugerð samkvæmt þeim, verður ekki við því, þegar þess er krafizt af þar til bærum aðila, þá getur fjármálaráðherra gert honum að greiða dagsektir, allt að 500 krónum fyrir hvern dag, unz skyldunni er fullnægt.

49. gr.

Fjármálaráðherra getur, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, veitt undanþágur frá einstökum ákvæðum laga þessara, ef framtalsnefnd mælir með því.

50. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.